



Alþýðusamband Íslands

Þróun kaupmáttar

Seðlabanki Íslands gaf í liðinni viku út nýtt hefti af Peningamálum þar sem m.a. kom fram ný áætlun um þróun kaupmáttar. Samkvæmt henni mun kaupmáttur ráðstöfunartekna þjóðarinnar skerðast um 19% í ár og 16% á því næsta. Hafa verður í huga að hér er ekki verið að tala um kaupmátt dagvinnulauna einstaklinga – hann mun ekki dragast eins mikið saman og að öllum líkindum verða fljótari að aukast aftur.

Vert er að vekja athygli á muninum á „kaupmætti dagvinnulauna einstaklinga“ og „kaupmætti ráðstöfunartekna þjóðarinnar“. Kaupmáttur dagvinnulauna einstaklinga tekur aðeins tillit til breytinga á tímakaupi og verðlagi og er því ágætis mælikvarði á kjör launafólks í vinnu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna þjóðarinnar tekur auk þessa tillit til breytinga á atvinnustigi, vinnutíma, fjármagnstekjum, sköttum og bótum almannatrygginga og er því gjarnan notaður í þjóðhagslegum útreikningum til að áætla líklega þróun einkaneyslu.

Það kemur nokkuð á óvart í tölum Seðlabankans um kaupmátt ráðstöfunartekna þjóðarinnar hve útlitið er dökkt á næsta ári. Á því ári leggjast samdráttur atvinnu, annarra tekna en launa, áhrif skatta og verðbólga á eitt um að draga úr kaupmætti. Það er reyndar athyglisvert að á því ári er það aðeins hækkun launa sem vinnur gegn kaupmáttarrýrnuninni. Ef samningum hefði verið sagt upp í október sl. hefði sú viðsýrni e.t.v. ekki verið fyrir hendi.

